



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS
Samvinna - þekking - árangur

Ársskýrsla 2018

Lilja G. Jóhannesdóttir
skólameistari

Mýrargötu 10

740 Fjarðabyggð

Netfang: va@va.is

Heimasíða: www.va.is

Sími 477 1620

Fax: 477 1852



Efnisyfirlit

Inngangur	1
1. Nemendafjöldi, kennslumagn og námsframboð.....	2
Vorönn 2018.....	2
Ýmsar upplýsingar.....	2
Aldursskipting nemenda	2
Skipting nemenda eftir námsbrautum.....	2
Haustönn 2018	3
Ýmsar upplýsingar.....	3
Aldursskipting nemenda	3
Skipting nemenda eftir námsbrautum.....	3
Innritun nýnema	4
2. Starfsmannahald.....	5
Úttekt á starfsemi VA o.fl.....	5
3. Stefnumiðuð áætlun	6
Staða árangursmælikvarða - kjarnastarfsemi	6
Markmið 1: Minnka brotthvarf úr námi.....	6
Markmið 2: Efla gæði bók- og starfsnáms	6
Markmið 3: Allar kenndar námsbrautir séu staðfestar skv. Aðalnámskrá 2011.....	7
Staða árangursmælikvarða - rekstrarþættir	7
Markmið 1: Efling mannauðs	7
Markmið 2: Bætt nýting fjármuna	8
4. Þróunarverkefni og styrkir	9
Styrkir	9
Þróunarverkefni.....	9
5. Ársreikningur	11
6. Gæðamál	12
7. Húsnæði skólans; aðstaða, endurbætur og endurnýjun	13
8. Áherslur í kennslu og starfsemi skólans.....	15
Vinnustofur.....	15
Lokaorð	17

Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir það helsta er viðkemur starfsemi og rekstri Verkmenntaskóla Austurlands 2018. Árið var viðburðarríkt að venju. Mikil áhersla var sem fyrr á kynningu skólans og þá ekki síst iðn- og starfsnámsins, uppbyggingu erlends samstarfs og gæðamála. Þess utan stendur upp úr á árinu á skólinn hlaut Grænfána en unnið hefur verið að því markmiði í tvö ár. Einnig hófst dreifnám á haustönn 2018 í grunndeildum rafiðna og málm- og véltæknigreina.

1. Nemendafjöldi, kennslumagn og námsframboð

Vorönn 2018

Ýmsar upplýsingar

- 219 nemendur
 - 131 kvenkyns
 - 88 karlkyns
- 157 nemendaígildi
- 1,4% brottfall

Aldurskipting nemenda

Nemendur fæddir 2001	27
Nemendur fæddir 2000	37
Nemendur fæddir 1999	36
Nemendur fæddir 1998	15
Eldri nemendur	104
Heildarnemendafjöldi:	219

Meðalaldur nemenda er 25,4 ár

Skipting nemenda eftir námsbrautum

		16.05.2018
Framhaldsskólabraut	FB	5
Félagsfræði – og félagsvísindabraut	FÉ – FÉL	37
Grunnnám rafiðna	GR	13
Grunnbraut hársnyrtiiðna	GBH	7
Húsasmíði	HÚ9	22
Námsbr. fyrir leikskólaliða og stuðningsfulltrúa í grunnskólum	LSL/STF	19
Grunnnám málm- og véltæknigreina	GMV	2
Náttúruvísindabraut	NÁT	22
Nýsköpunar- og tæknibraut	NÝT	8
Opin stúdentsbraut	OST	3
Ótilgreint nám	ÓTN	16
Sjúkraliðabraut	SJÚ	47

Starfsbraut	STB	4
Véltjórnarbraut	VVB	8

Haustönn 2018

Ýmsar upplýsingar

- 283 nemendur
 - 163 kvenkyns
 - 120 karlkyns
- 182,3 nemendaígildi
- 3% brottfall

Aldursskipting nemenda

Nemendur fæddir 2002	30
Nemendur fæddir 2001	28
Nemendur fæddir 2000	36
Nemendur fæddir 1999	20
Eldri nemendur	169
Heildarnemendafjöldi:	283

Meðalaldur nemenda er 25,6 ár

Skipting nemenda eftir námsbrautum

		19.12.18
Framhaldsskólabraut	FB	5
Félagsvísindabraut	FÉL	35
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	GNB	10
Grunnnám rafiðna	GNR	9
Grunnnám rafiðna - dreifnám	GNRD	14
Grunnbraut hársnyrtiiðna (1. og 3. önn)	GBH	8
Húsasmíði	HÚ9	9
Námsbr. fyrir leikskólaliða og stuðningsfulltrúa í grunnskólum	LSL/STF	31
Grunnnám málm- og véltæknigreina	GNM	10
Grunnnám málm- og véltæknigreina - dreifnám	GNMD	12
Náttúruvísindabraut	NÁT	21

Nýsköpunar- og tæknibraut	NÝT	12
Opin stúdentsbraut	OST	3
Ótilgreint nám	ÓTN	22
Sjúkraliðabraut	SJÚ	68
Starfsbraut	STB	8
Vélstjórn B	VVB	1

Innritun nýnema

Umsóknir úr Fjarðabyggð

Búseta	Fjöldi nemenda	1. val		2. val		Ekki valið	
Mjóifjörður	0						
Neskaupstaður	20	16	80%	2	12,5%	2	12,5%
Eskifjörður	9	3	33,3%	4	44,4%	2	22,2%
Reyðarfjörður	14	6	42,8%	4	28,6%	4	26,6%
Fáskrúðsfjörður	9	1	11,1%	3	33,3%	5	55,6%
Stöðvarfjörður	1	0		1	100%	0	
	53	26		14		14	
		47%		26%		26%	

6 nýnemar búa fyrir utan Fjarðabyggð (3 á Egilsstöðum og 3 á Seyðisfirði)

81,3% nýnema koma úr Fjarðabyggð

2. Starfsmannahald

Á ársgrundvelli voru um 28,5 stöðugildi þar af 19,2 við kennslu og 9,3 á þjónustusviði.

Á kennslusviði stöfuðu 30 manns í 19,2 stöðugildum á vorönn en 23 stöfuðu í 19 stöðugildum á haustönn. Fimm kennarar voru einnig deildarstjórar samhliða kennslu þ.e. á öllum verknámsbrautum og á starfsbraut. Alls hafa átta kennarar sem ráðnir eru við skólann ekki kennsluréttindi er eru í 6,5 stöðugildum, af þeim eru 3 í kennsluréttindanámi. Á þetta aðallega við um kennslu í verk- og starfsnámi. Meðalaldur kennara skólans er rúm 46 ár.

Á þjónustusviði voru 9 starfsmenn í 7,3 stöðugildum sem skiptast í húsvörður, ræstingu, námsráðgjöf, áfangastjóra, kerfisstjóra, nemendagæslu.

Á fjármálasviði stafaði ein kona (57 ára) og er hún í fullu starfi sem fjármálastjóri.

Kynjaskipting **yfirstjórnar** var ein kona (45 ára) sem er áfangastjóri í fullu starfi og ein kona (46 ára) sem er skólameistari í fullu starfi.

Úttekt á starfsemi VA o.fl.

Haustið 2014 var gerð úttekt á starfsemi skólans. Ráðgjafafyrirtækið Attentus gerði úttektina fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið (MMR). Úttektaraðilar unnu skýrslu í kjölfarið á úttektinni. Skýrsluhöfundar beina því til MMR að auka ætti starfshlutfall í stjórnun við skólann þar sem álag er mikið á yfirstjórn. Ekki hefur verið brugðist við þessum ábendingum og raun hafa stjórnendur skólans ekki fengið nein viðbrögð frá MMR varðandi þetta mat úttektaraðila. Hins vegar lauk skólinn sinni umbótaráætlun á árinu 2017 en sú umbótaráætlun var gerð í kjölfar úttektarinnar.

Þrátt fyrir þetta mikla álag á stjórnendur skólans þá virðast starfsmenn skólans vera ánægðir með stjórnun í skólans samkvæmt könnuninni Stofnun ársins. Raunar kemur skólinn mjög vel út úr þeirri könnun í heild sinni og kemur það heim og saman við niðurstöður úttektar Attentus. Of mikið álag á stjórnendur er hins vegar áhyggjuefni og gengur ekki til lengdar eins og ítrekað hefur verið í fyrri ársskýrslum.

3. Stefnumiðuð áætlun

Frá haustinu 2016 hefur stefnumiðuðri áætlun til þriggja ára verið skilað árlega til MMR, til að koma til móts við 31.-32. gr. laga um opinber fjármál. Liður í stefnumiðuðri áætlun er að setja markmið fyrir kjarnastarfsemi og rekstrarþætti og árangursmælikvarða sem gefa vísbendingar um hvort markmið hafi náðst. Hér á eftir má sjá markmið VA og stöðu árangursmælikvarða.

Staða árangursmælikvarða - kjarnastarfsemi

Markmið 1: Minnka brotthvarf úr námi

Mælikvarðar fyrir markmiðið voru eftirfarandi:

- Að 94% nýnema (úr grunnskóla) innritist á annað ár strax að loknu fyrsta ári.
 - Samkvæmt útreikningum frá MMR á brotthvarfi var 0% brotthvarf nemenda sem hófu nám við VA haustið 2017 á milli ára, þ.e. þeir skiluðu sér allir inn á annað ár haustið 2018.
- Hlutfall nemenda af erlendum uppruna sem lýkur námi.
 - Ætlunin var að skilgreina mælikvarða á árinu 2018 en ekki vannst tími til þess.
- Brottfall nemenda sem mælst hafa í brottfallshættu.
 - Markmiðið var að skilgreina mælikvarðann á árinu 2018. Vegna nýrra persónuverndarlaga stöðvaðist skimun nemenda fyrir brottfallshættu og því tókst ekki að vinna með þennan mælikvarða eins og ætlunin var.

Markmið 2: Efla gæði bók- og starfsnáms

Mælikvarðar fyrir markmiðið voru eftirfarandi:

- Viðhorf nemenda til kennslu og fleiri þátta í skólastarfinu.
 - Annars vegar er miðuð við að a.m.k. 85% svarenda í áfangamati séu ánægðir með kennslu. Þessu markmiði var náð. Fyrir frekari upplýsingar má benda á [sjálfsmatskýrslu VA 2017 - 2018](#). Hins vegar að a.m.k. 85% svarenda í áfangamati teldu aðstöðu til náms og kennslubúnaður viðunandi. Það markmið náðist einnig.

- Hlutfall útskrifaðra áfanga.
 - Markmiðið var að 95% áfanga teldust útskrifaðir (sjá sjálfsmatsskýrslu VA 2017 - 2018 til frekari útskýringa). Það markmið náðist ekki, hlutfall útskrifaðra áfanga var um 91%.
- Ánægja starfsfólk með vinnuskilyrði á skalanum 1-5.
 - Markmið gagnvart mælikvarðanum fyrir árið 2018 var að VA fengi einkunnina 4,2 úr stofnun ársins. Það markmið náðist.

Markmið 3: Allar kenndar námsbrautir séu staðfestar skv. Aðalnámskrá 2011

Mælikvarði fyrir markmiðið var eftirfarandi:

- Að allar kenndar brautir 2018 hafi hlotið staðfestingu.
 - Þetta markmið náðist ekki þar sem stendur á samþykkt brauta í iðnnámi. Markmiðið var tekið út úr nýrri áætlun þar sem ekki er raunhæft að skólinn setji sér markmið sem hann hefur svo takmörkuð áhrif á.

Staða árangursmælikvarða - rekstrarþættir

Markmið 1: Efling mannaúts

Mælikvarðar fyrir markmiðið voru eftirfarandi:

- Fjöldi samþykktra starfslýsinga skv. ISO 9001 staðli.
 - Markmiðið var að árið 2018 yrði 50% starfslýsinga samþykktar en það markmið náðist ekki. Talsvert hægði á vinnu við innleiðingu ISO 9001 á haustönn 2018 vegna ónægs mannafla og hafði það hér áhrif.
- Viðhorfskönnun meðal starfsmanna í ytri úttekt 2019
 - Hér er markmiðið að bera viðhorf starfsmanna í úttekt 2019 frá úttekt 2014. Þessi mælikvarði er því óvirkur þar til úttekt 2019 hefur farið fram.
- Fjöldi starfsmannaviðtala á ári
 - Markmiðið var að tekin væru 20 starfsmannaviðtöl á ári. Það markmið náðist ekki.

Markmið 2: Bætt nýting fjármuna

Mælikvarðar fyrir markmiðið voru eftirfarandi:

- Fjöldi stöðugilda á þjónustusviði.
 - Markmiðið fyrir árið 2018 var 7 stöðugildi á þjónustusviði. Því markmið er náð
 - Ætlunin var að skilgreina mælikvarða og reikna stöðuna árið 2018. Þar sem hægðist á vinnu við innleiðingu ISO 9001 náðist ekki að framkvæma þetta.

4. Þróunarverkefni og styrkir

Skóli er hluti af samfélagi, hvort sem um ræðir nærsamfélag hans eða menntasamfélag í heimi þar sem fjarlægðir hafa sífellt minni áhrif á samstarf sökum tækniframfara og aukinna ferðalaga milli landa og landshluta.

Verkmenntaskóli Austurlands nýtur góðs af samstarfi við ótalmarga aðila og einnig nýtur hann góðra styrkja sem eru lykilatriði þegar kemur að rekstrarforsendum. Hér á eftir má sjá hverjir eru helstu samstarfsaðilar skólans og einnig hverjir styrktu starfsemi skólans á árinu 2018.

Styrkir

Skólanum bárust góðir styrkir til starfseminnar. Helstu styrkir voru eftirtaldir:

- Styrkur frá ríkissjóði 5 millj. v/fámennra skóla.
- Styrkur frá ríkiseignum til endubóta í málmdeild 2,9 millj.
- Styrkur frá SÚN ½ millj. vegna forvarnarpings.
- Styrkur frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, 2 millj., til reksturs Fab Lab smiðju í VA.
- Styrkur frá Uppbyggingarsjóði Austurlands, SVN og Alcoa 2,7 millj. v/Tæknidags fjölskyldunnar 2018.
- SEF (Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskóla) veitti styrk til að fá gestafyrirlesara, til að senda kennara á námskeið erlendis og til að halda sumarnámskeið fyrir kennara.
- Leikfélag skólans Djúpið og nemendafélag VA fengu góða styrki frá:
 - SÚN, Alcoa Fjarðaáli, Fjarðabyggð, Sparisjóði Norðfjarðar og SVN.

Þróunarverkefni

Skólinn tekur þátt í ýmsum þróunarverkefnum í samstarfi við aðra.

- Samstarf við Austurbrú vegna Tæknidags fjölskyldunnar.
- Samstarf við Fjarðabyggð vegna verknámsviku.
- Samstarf við Fjölbrautaskóla Snæfellinga við gerð námsbrautar í fiskeldi.
- Skólinn hélt áfram þátttöku í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*.
- Í september 2016 hóf skólinn þátttöku í verkefninu *Skólar á greinni grein* og haustið 2018 hlaut skólinn Grænfána.

- Í september 2017 hófst formlegt samtal skólans við sveitafélagð Fjarðabyggð og fyrirtæki á Austurlandi um samstarf í menntamálum. Upp úr þessu varð til samstarfsverkefni um stofnun Háskólaseturs á Austurlandi. VA er þátttakandi í stýrihópi verkefnisins.
- Samstarf við tólf aðra framhaldsskóla á landsbyggðinni í Fjarmenntaskólanum þar sem skólanir vinna saman t.d. varðandi námsframboð.
- Samstarf við aðra starfsnámsskóla m.a. með átaksverkefnum eins og #kvennastarf og útgáfu á kynningarblaðinu 20/20 sem fór inn á heimili allra nemenda í 10. bekk á vorönn.
- Erlent samstarf þar sem skólinn er kominn í samstarf við skóla t.a.m. í Danmörku, Þýskalandi, Spáni og Ungverjarlandi.

5. Ársreikningur

Höfuðstóll í byrjun árs var jákvæður um 1,1 millj.

Leiðréttingar á árinu 2018:

- v/launabóta 8,2 millj.
- frá ríkissjóði v/fámennra skóla 5 millj.
- íslenska fyrir útlendinga 2 millj.

Fjárheimild VA árið 2018	<i>Allar tölur í milljónum króna</i>	
	Höfuðstóll frá 2017	1,1
	Fjárlög ársins 2018	361,6
	Launabætur	8,2
	Millifært milli fjárlagaliða	33,8
		404,7

Áætlaður rekstur VA árið 2018	<i>Allar tölur í milljónum króna</i>	
	Aðrar rekstrartekjur	-6,5
	Sértekjur	-39,6
	Launagjöld	300,6
	Almennur rekstur	99,3
	Eignir og tilfærslur	8,2
		362,3

Sértekjur vegna sérstakra verkefna sem VA stendur fyrir eru: Forvarnariþing 0,5 millj.,

Tæknidagur fjölskyldunnar 2,7 millj., rekstur Fab Lab (stafrænnar smiðju) 2 millj. frá

Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Erasmus+ verkefni 1,8 millj.

*Eins og staðan er í dag 18.júní 2019 þegar þessar tölur er teknar út úr Orra er VA í 42,6 millj í inneign við ríkissjóð, en þær fréttir hafa borist að 27 milljónir sem greiddar voru til VA vegna starfsbrautar hafi skólinn ekki átt að fá og verði það tekið af fjárheimild skólans... það hefur ekki verið gert enn. En verði það gert áætum við að **höfuðstólinn verði 15,4 millj. sem fluttur verði til ársins 2019.***

6. Gæðamál

Unnið hefur verið að innleiðingu á ISO-gæðavottunarkerfi frá haustinu 2014 og er þar byggt á Gæðahandbók Verkmenntaskólans á Akureyri. Upphaflega átti að einskorða vottunina við vélstjórnarnám í VA en fljótlega urðu stjórnendur skólans sannfærðir um að taka ætti upp ISO gæðavottun fyrir allan skólann. Hefur vinna við sjálfsmat skólans því markast af innleiðingunni sl. fjögur skólaár og er vinna við skrásetningu verkferla komin vel á veg. Frá og með hausti 2016 var sjálfsmatsnefnd lögð niður og í stað hennar skipað gæðaráð skólans sem er liður í innleiðingarferlinu.

Veigamesti þátturinn í gæðastjórnunarkerfinu sem snýr að kennslu er það sem kallast *útskrift áfanga*. Hófst vinna við þá útskrift á haustönn 2016. Allir þættir í því ferli eru nú komnir í góða virkni innan VA og má segja að þeir hafi fest sig í sessi í skólastarfinu. Í matsskýrslu fyrir skólaárið 2018 – 2019 verður gerð ítarleg grein fyrir vinnu við gæðamál í VA sem og niðurstöðum gæðakannana, bæði sem framkvæmdar eru af gæðaráði og ytri könnunum sem nýttar eru sem hluti gæðakerfisins. Einnig er þar lögð fram matsáætlun skólaársins 2019 – 2020. Skýrslan birtist á heimasíðu VA og er vísað til hennar fyrir frekari upplýsingar um gæðamál í VA seinni hluta árs 2018. Einnig má í matsskýrslu fyrir árið 2017 – 2018 fá frekari upplýsingar um gæðamál í VA fyrri hluta árs 2018.

7. Húsnæði skólans; aðstaða, endurbætur og endurnýjun

Húsnæði skólans er að mörgu leyti gott hvað kennsluáðstöðu varðar. Hins vegar er ekki góð aðstaða fyrir félagslíf nemenda og ekki er neinn samkomusalur í skólanum. Þegar kalla þarf nemendur saman „á sal“ eða þegar nemendur koma saman í skólanum í félagsstarfi o.s.frv þá er ekki annað húsnæði í boði en anddyri gamla skólahúsnæðisins. Þetta rými er kallað setustofa. Miðað við það sem flestir aðrir framhaldsskólar búa við þá er þetta ófullnægjandi. Þessi skortur á samkomusal stendur skólastarfinu tvímælaust fyrir þrifum. Erindi varðandi þetta hefur verið sent á MMR og tekið upp á skólasamningsfundum og tekið ítrekað fram í ársskýrslum skólans. Einnig er svo að þörf er á meira rými fyrir kennara í bóknámshúsi og vinnuaðstaða kennara í verknámshúsi er óboðleg. Þar er hávaðamengun mikil því vinnuaðstaðan er við hlið vélasala og mestmegnis einungis glerveggur á milli. Mikilvægt er því að auka rými í bóknámshúsi svo hægt sé að skapa öllum kennurunum ásættanlega vinnuaðstöðu þar. Eina leiðin til þess, fyrir utan viðbyggingu, er að skólinn taki aftur til sín rými í austurenda bóknámshúss sem leigt hefur verið út til fjölda ára. Rekstrarstaða skólans hefur hins vegar ekki gefið kost á því að segja upp leigjendum og því fátt um úrræði varðandi þetta plássleysi.

Á árinu 2018 voru sem fyrr gerðar nokkrar endurbætur á húsakynnum og búnaði skólans. Ljóst er hins vegar að veruleg þörf er komin á frekari endurnýjun á húsgögnum og tækjabúnaði en fjárheimildir leyfa ekki að að verulegt átak sé gert í þeirri endurnýjun. Því hefur ekki náðst að halda áfram með þær úrbætur sem hófust varðandi vinnuaðstöðu starfsfólks á árinu 2017. Ljóst er þó að mikilvægt er að ná að bæta þarna úr því þrátt fyrir að skólinn hafi komið vel úr úr könnunni *Stofnun ársins* undanfarin ár þá er nokkuð áberandi að vinnuskilyrði koma þar einna verst úr.

Varðandi endurbætur og endurnýjun á húsakynnum skólans af hendi *Ríkiseigna* var ýmislegt gert. Verkkennsluhús og bóknámshús var málað að utan, þak heimavistar og austurendi bóknámshúss að innan auk tveggja kennslustofa. Á heimavist var þak málað, húsvardaríbúð, fjögur herbergi og gangur á annarri hæð auk annarrar smávægilegrar málningarvinnu. Útgöngu/neyðarljós endurnýjuð í bóknámshúsi. Skipt var um 21 glugga í bóknámshúsi og austurenda. Rafmagnseldavél og matreiðsluofn í eldhúsi heimavistar voru endurnýjaðir. Ný ljós voru sett í stigaganga bóknámshúss, kerfisloft voru sett upp í kennslustofum, bókasafni

og nemendarymi auk nýrrar LED lýsingar. Einnig endurnýjaði skólinn hluta af rúmum á heimavist skólans.

8. Áherslur í kennslu og starfsemi skólans

Mikil áhersla var lögð á kynningu á skólanum árið 2018. Eins og undanfarin ár þá komu nemendur úr grunnskólunum á Austurlandi í heimsókn í skólann. Sérstök áhersla var eins og áður lögð á að kynna verknámið. Sem dæmi um það má nefna að verknámsvika VA og Fjarðabyggðar var haldin í sjötta sinn. Upphaflega var um að ræða vinnuviku í byrjun júní þar sem allir nemendur í vinnuskólanum sem nýlega höfðu lokið 9. bekk komu til náms í verknámsdeildum skólans. Árið 2018 var gerð sú breyting að verknámsvikan er ekki lengur hluti af vinnuskólanum heldur hluti af námi nemenda í 9. bekk í grunnskólum sveitafélagsins. Skólinn hafði lengi lagt áherslu á þessa breytingu enda hefur aðeins lítil hluti nemenda í 9. bekk verið í vinnuskólanum undanfarin ár.

Tæknidagur fjölskyldunnar var haldinn í sjötta sinn í október. Dagurinn var haldinn í húsnæði skólans eins og verið hefur. Yfir 1500 manns sóttu Tæknidaginn 2018. Dagskráin byggist á því að nemendur og kennarar eru með ýmis verkefni til sýnis ásamt því sem ýmsar stofnanir og fyrirtæki sýndu tæknibúnað o.fl. Ljóst er að Tæknidagurinn er búinn að festa sig í sessi sem ein allra stærsti viðburðurinn sem fer fram á Austurlandi ár hvert.

Vinnustofur

Skólinn hélt áfram með svokallaðar vinnustofur sem hafa verið í þróun undanfarin ár. Er þetta fyrirkomulag í stuttu máli með þeim hætti að í flestum bóklegum- og fagbóklegum fögum er settur inn einn vinnustofutími í hverri viku. Kemur þessi tími í staðinn fyrir eina kennslustund í viðkomandi fagi og geta nemendur valið þær vinnustofur sem þeim hentar hverju sinni. Hefur þetta því ákveðinn sveigjanleika í för með sér fyrir nemendur.

Erlent samstarf og endurmenntun

Frá haustinu 2017 hefur áhersla á að stafsfolk skólans sæki námskeið og ráðstefnur erlendis aukist. Sérstaklega er þar horft til að þeir kynni sér nýja kennsluhætti og/eða þrói þá þennsluhætti sem lögð hefur verið áhersla á undanfarið t.d. vendikennslu. Hafa nú margir starfsmenn skólans sótt farið í skólaheimsóknir erlendis og sótt ráðstefnur og námskeið auk þess sem samstarf við erlenda skóla fer jafnt og þétt vaxandi. Skólinn sendi einnig í fyrsta sinn nemendur í skiptináms erlendis á vorönn 2018. Fóru 4 nemendur í húsasmíði í skiptináms í Danmörku og sinntu þar hlúa af námi sínu. Einnig komu nemendur til VA með sama hætti.

Þessi nemendaskipti eru liður í Erasmus+, menntaáætlun Evrópusambandsins. Teljum við þessa áherslu á erlent samstarf geta skilað sér í betra skólastarfi og auknum tækifærum fyrir skólann, nemendur hans og starfsfólk.

Einnig hefur undanfarið verið lögð aukin áhersla á endurmenntun kennara með því að fá til okkar fræðslu. Með styrk frá SEF, Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara, höfum við fengið til okkar gestafyrirlesara og haldið sumarnámskeið. Er þessi endurmenntun óðum að festast í sessi innan skólans.

Dreifnám

Á haustönn 2018 hófst dreifnám í grunndeildum rafinðna og málm- og véltæknigreina. Er fyrirkomulagið með þeim hætti að fagbóklegur hluti námsins er „speglaður“ og því aðgengilegur nemendum hvar og hvenær sem er. Verklegi hluti námsins er unninn á verkstæðum skólans en þau eru opin nemendum utan hefðbundins dagvinnutíma tvisvar sinnum í viku. Auk þess geta nemendur unnið á verkstæðum á dagvinnutíma þegar það hentar.

Hefur námið mælst vel fyrir og var aðsókn góð. Verður haldið áfram á dreifnámið á haustönn 2019 og verða þá kenndar fleiri annir í báðum greinum í dreifnáminu. Með dreifnáminu er verið að koma til móts við þarfir atvinnulífsins og einstaklinga sem vilja stunda nám með vinnu.

Lokaorð

Skýrsla þessi sýnir glögglega að árið 2018 var viðburðaríkt í Verkmenntaskóla Austurlands. Mikið líf er í starfsemi skólans, bæði í daglegu starfi og hinum ýmsu kynningar- og þróunarverkefnum.

Rekstur skólans hefur undanfarin ár verið innan fjárheimilda en þegar þessi skýrsla er skrifuð vantar enn lokauppgjör fyrir árið 2018 frá fjársýslu ríkisins. Við áætlum að vera í 15,4 millj í jákvæðri stöðu sem mun flytjast yfir á árið 2019 en það hefur enn ekki fengist staðfest. Þrátt fyrir að rekstur hafi undanfarin ár verið innan fjárheimilda er mikilvægt að skólinn fái auknar fjárheimildir til að fjölga stöðugildum í stjórnun - eins og skýrsla úttektaraðila á starfsemi skólans frá 2014 bendir á. Farið var í ákveðnar aðgerðir á árinu 2016 til að bæta úr þessu með ráðningu gæða- og verkefnastjóra. Frá 1. ágúst 2018 hefur ekki verið starfsmaður í þessu starfi þar sem vísbendingar voru um slæma afkomu skólans fyrir árið 2018. Enn er til staðar uppsöfnuð þörf á frekari endurnýju á tækjum- og húsbúnaði í stofnuninni þó hægt hafi verið að bæta nokkuð úr á árinu 2017.

Helstu áherslurnar á árinu 2018 voru á aukið erlent samstarf, dreifnám og gæðamál en þessar áherslur hafa þann tilgang að auka alþjóðavitund, gæði og fjölbreytni þeirrar þjónustu sem skólinn veitir.

Fjarðabyggð 19. júní 2019



Lilja Guðný Jóhannesdóttir
skólameistari